

Föstudaginn 3. október 1980.

Nr. 32/1978. **Steinunn Agla Gunnarsdóttir og Guðrún Gunnarsdóttir**  
(Hákon Árnason hrl.)  
gegn  
**Auði Sigurðardóttur Wölstad**  
**Arnþóru Sigurðardóttur**  
**Þorsteini Sigurðssyni**  
Kristrínu Haraldsdóttur og  
**Guðmundi Helga Haraldssyni f. h.**  
**dánarbús Sigurðar Jónssonar**  
(Benedikt Sveinsson hrl.).

Frávísun.

#### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Björn Sveinbjörns-son, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 10. febrúar 1978. Krefjast þær þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og gjafabréf Sigurðar Jónssonar, dagsett 13. mars 1975, verði að fullu til greina tekið við skipti á dánarbúi hans. Þá krefjast áfrýjendur málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandinn Guðrún varð lögráða eftir uppsögu héraðsdóms og hefur sjálf tekið við aðild málsins fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu krefjast áfrýjendur þess, að hluta fasteignarinnar nr. 32 við Nóatún, sem var eign Sigurðar Jónssonar, verði haldið utan við skipti á dánarbúi hans.

Í málinu er erfingjunum Auði, Arnþóru, Þorsteini, Kristrínu og Guðmundi Helga stefnt fyrir hönd dánarbús Sigurðar Jónssonar, en eigi skiptaráðandanum í Reykjavík, sbr. 1.

gr. laga nr. 19/1895. Ber því að vísa máli þessu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

### D ó m s o r ð :

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

### Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 20. desember 1977.

Hinn 13. janúar 1977 andaðist í Reykjavík Sigurður Jónsson, til heimilis að Nóatúni 32, Reykjavík.

Uppskrift á eignum búans fór fram dagana 26. janúar og 16. og 19 mars sl., og var bent á til uppskriftar íbúð að Nóatúni 32 auk innbús, sem metið var að verðmæti kr. 85.200.

Erfingjar Sigurðar Jónssonar reyndust vera börn hans, Auður Sigurðardóttir Wölstad, Arnþóra Sigurðardóttir og Þorsteinn Sigurðsson, sonarbörn hans, Krístrún Haraldsdóttir og Guðmundur Helgi Haraldsson, og loks sonardætur hans, Steinunn Agla Gunnarsdóttir og Guðrún Gunnarsdóttir.

Við uppskriftina hinn 26. janúar voru lögð fram ljósrit af erfðaskrá Sigurðar heitins og ljósrit af gjafabréfi hans um íbúðina að Nóatúni 32. Erfingjarnir Arnþóra, Auður og Þorsteinn Sigurðar-börn og Krístrún og Guðmundur Haraldsbörn mótmæltu gildi erfðaskrárinnar og gjafabréfsins, og var á skiptafundi í dánarbúinu hinn 28. júní sl. ákveðið að reka sérstakt mál um ágreining þennan. Var málið tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi hinn 1. desember sl., en áður hafði árangurslaust verið leitað sátta með aðiljum. Málið var endurupptekið hinn 19. desember, og féll þá umboðsmaður varnaraðilja formlega frá mótmælum gegn gildi erfðaskrárinnar, og var málið síðan lagt undir úrskurð að nýju.

Hinn 8. júlí 1974 gerði Sigurður heitinn erfðaskrá og arfleiddi með henni sóknaraðilja þessa máls, þær Steinunni Öglu og Guðrúnu Gunnarsdætur, að öllum eigum sínum „föstum og lausum, sem ekki eru bundnar af ákvæðum erfðalaga og falla til lögarfa lögum samkvæmt.“

Hinn 13. mars 1975 undirritaði Sigurður Jónsson svohljóðandi gjafabréfi: „Ég undirritaður Sigurður Jónsson, nú til heimilis að Nóatúni 32, Reykjavík, afhendi hérmeð sonardætrum mínum, Steinunni Öglu og Guðrúnu Gunnarsdætrum, báðum til heimilis

að Bólstaðarhlíð 46 hér í bæ, eign mína í húsinu nr. 32 við Nóatún, Reykjavík.

Skulu þær eiga eignarhlutann að jöfnu og ráðstafa honum sameiginlega, enda taka þær hérmeð að sér áhvílandi kvaðir á eignarhlutanum.

Nefndur eignarhluti er þinglesinn á nafn Byggingarfélags verkamanna, Reykjavík, og hlítir þeim samþykktum, sem þeim félagsskap er nú eða framvegis settur að lögum.

Jafnframt því sem ég lýsi yfir þessu, leyfi ég mér að fara fram á, að greindur félagsskapur veiti samþykki sitt til þessarar ráðstöfunar og riti þar um samþykkt sitt á bréf þetta, enda tekur gjöfin ekki gildi fyrr en það samþykki er fengið.

Reykjavík, mars 1975 13/3

Sigurður Jónsson

Nóatúni 32

Vottar:

Hlynur Júlíusson

Björn Baldursson.“

Á gjafabréf þetta undirrituðu sóknaraðiljar ásamt móður þeirra, Jónínu Bjarnadóttur, svofellda yfirlýsingu: „Við undirritaðir, eigendur að framangreindri íbúð samkvæmt ofanskráðu gerumst hér með félagar í Byggingarfélagi verkamanna, Reykjavík, og skuldbindum okkur til þess að hlýða í einu og öllu lögum og samþykktum félagsins. Jafnframt undirritar móðir og fjárhaldsmaður aðila yfirlýsingu þessa og þar með gjafabréfið .

D. u. s.

Steinunn Agla Gunnarsdóttir

Guðrún Gunnarsdóttir

Jónína Bjarnadóttir“

Loks bar gjafabréf þetta áritun um samþykki Byggingarfélags verkamanna, en íbúðin að Nóatúni 32 var byggð af Byggingarfélagi verkamanna og lýtur samþykktum þess félags og er þinglesin eign félagsins.

Sóknaraðiljar máls þessa hafa krafist þess hér fyrir réttinum, að framangreint gjafabréf verði að fullu metið gilt og að íbúðinni að Nóatúni 32 verði haldið utan við skipti á dánarbúi Sigurðar Jónssonar. Þá hafa þeir krafist málskostnaðar úr hendi varnaraðilja að skaðlausu samkv. gjaldskrá LMFÍ.

Varnaraðiljar málsins gera þær kröfur, að gjafabréfið verði

metið ógilt og ekki tekið til greina við skipti á dánarbúi Sigurðar Jónssonar. Þá krefjast þeir málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja að mati skiptaraðanda.

Sóknaraðiljar styðja kröfugerð sína eftirfarandi rökum: Þeir telja ótvírætt, að gjafabréfið frá 13. mars 1975 feli í sér gjöf í lifanda lfi, en ekki dánargjöf eftir skilningi 54. gr. erfðalaga nr. 8 frá 1962, enda hafi afhending gjafabréfsins farið fram 13. mars 1975 og verið skilyrðislaust ekki neitt loforð.

Eftir að gjafabréfið var gert, hafi verið farið með það til Byggingarfélags verkamanna, eins og lög standi til, og hafi stjórn þess samþykkt eigendaskiptin, en íbúðin sé skráð á nafn félagsins og séu því eigendaskipti óheimil nema með samþykki þess. Því hafi öllum samningsgerðum verið lokið og samningnum, sem felst í gjafabréfinu, verið fullnægt, þegar Byggingarfélag verkamanna samþykkti eigendaskiptin og sóknaraðiljar gerðust félagar í byggingarfélaginu. Þeir telja, að varnaraðiljum beri að sanna, að um málamyndagerning hafi verið að ræða.

Sóknaraðiljar telja það engin rök gegn gildi gjafabréfsins, að Sigurður heitinn hafi greitt fasteignagjöld af íbúðinni eftir eigendaskiptin né það, að hann hafi ekki verið krafinn um greiðslu á leigu fyrir afnot af íbúðinni. Engan þurfi að undra, þótt sonar-dætur Sigurðar eða móðir þeirra hafi aðstoðað Sigurð nokkuð í elli hans og einstæðingsskap, þar sem börn hans eða aðrir vanda-menn muni ekki hafa komið þar nærri.

Þá telja sóknaraðiljar, að í því, hvernig skattframtölum Sigurðar heitins annars vegar og sóknaraðilja hins vegar var háttað, felist engin sönnun fyrir því, að um dánargjöf í skilningi erfðalaganna hafi verið að ræða.

Varnaraðiljar máls þessa, þau Auður, Arnþóra og Þorsteinn Sigurðarbörn og Krístrún og Guðmundur Helgi Haraldsbörn fyrir hönd dánarbús Sigurðar Jónssonar, styðja sínar kröfur þessum rökum:

Þeir telja, að gjafabréfið frá 13. mars 1975 sé málamynda-gerningur, sem ekki hafi verið ætlast til, að kæmi til framkvæmda fyrr en að gefanda látnum. Benda þeir á eftirfarandi atriði, sem sýni, að ofangreint gjafabréf sé dánargjöf, en ekki lífsgjöf: Sigurður bjó í íbúð sinni að Nóatúni 32, Reykjavík, eftir útgáfu til Byggingarfélags verkamanna. Ráðstöfunarréttur hans var á engan hátt skertur. Sigurður greiddi enga leigu fyrir veru sína í íbúð-inni, og allt var þar í sömu skorðum og verið hafði um árabíl og þannig hélst til þess tíma, er Sigurður andast. Afnot og/eða arður

gjafþega skv. ofangreindu gjafabréfi er því enginn, og eftir slíku er ekki kallað. Í annan stað greiddi Sigurður öll gjöld af íbúðinni, meðan hann lifði, og skv. gjaldheimtuspjöldum er það fyrst í febrúar 1977 sem þær systur eru skrifaðar fyrir greiðslu fasteignagjalda, en þá er Sigurður látinn. Samkvæmt því er greinilegt, að Sigurður telur sig bera fulla ábyrgð á íbúðinni og telur hana greinilega sín eign. Þá ber einnig að nefna, að Sigurður telur íbúðina jafnan fram sem sína eign á skattskýrslum, og sá maður, sem aðstoðaði Sigurð við gerð skattskýrslanna, vissi ekkert um gjafabréf það, sem hér um ræðir, enda minntist Sigurður aldrei á það. Telja varnaraðiljar framangreind atriði sýna ótvírætt, að gjafabréfið hafi aldrei verið hugsað sem lífsgjöf, heldur hafi hér verið um dánargjöf í skilningi 54. gr. erfðalaganna að ræða. Þeir telja, að ráðstöfunarréttur Sigurðar heitins yfir íbúðinni hafi haldist óbreyttur í tæp tvö ár þrátt fyrir gjafabréfið.

Í greinargerð byggðu varnaraðiljar kröfur sínar einnig á því, að Sigurður heitinn hafi af heilsufarsástæðum ekki verið bær til að gera slíka ráðstöfun eigna sinna, sem í gjafabréfinu felst, eða gert sér grein fyrir þýðingu hennar. Við munnlegan flutning málsins féll lögmaður varnaraðilja frá þessari málsástæðu, en krafðist þess, að gjafabréfið yrði dæmt ógild dánargjöf, þar eð það uppfyllti ekki kröfur þær, sem erfðalög gera um form dánargjafagerninga.

Lögð hafa verið fram í málinu skattframtöl Sigurðar Jónssonar fyrir árin 1974 til 1977 að báðum meðtöldum. Skattframtal fyrir 1977 er óútfyllt, enda lést Sigurður heitinn, áður en framtalsfrestur rann út. Skattframtölin fyrir 1974 til 1976 eru undirrituð af Gunnari Vagnssyni f. h. Sigurðar Jónssonar, og er íbúð að Nóatúni 32 talin þar til eignar hjá Sigurði öll árin, en eigendaskipta að íbúðinni að engu getið.

Einnig hafa verið lögð fram skattframtöl Steinunnar Öglu Gunnarsdóttur fyrir árin 1974 til 1977 að báðum meðtöldum og framtöl Guðrúnar Gunnarsdóttur fyrir árin 1975 til 1977, en á engu þessara framtala er íbúð að Nóatúni 32 talin þeirra eign.

Þá hafa verið lögð fram ljósrít af gjaldheimtuspjöldum áranna 1976 og 1977 fyrir Nóatún 32. Samkvæmt þeim hefur Sigurður Jónsson greitt fasteignagjöld að fjárhæð kr. 20.234 árið 1976, en Steinunn og Guðrún hafa greitt kr. 18.800 árið 1977.

Lagt hefur einnig verið fram ljósrít af reikningsyfirliti, sem Byggingarfélag verkamanna hefur sent íbúðareigendum félagsins „til athugunar við skattframtal 1976“, en á reikningsyfirliti þessu

er nafna Steinunnar Ö. og Guðrúnar Gunnarsdætra getið í reit, sem ætlaður er fyrir nöfn íbúðareigenda.

Loks hafa verið lögð fram ljósrit af kvittunum frá Byggingarfélagi verkamanna fyrir greiðslu mánaðar- og árgjalda fyrir tímabilið frá 1. desember 1974 til 1. apríl 1977. Samkvæmt ljósritum af kvittunum þessum hefur Sigurður Jónsson greitt mánaðar- og árgjöld til félagsins fyrir tímabilið frá 1. desember 1974 til 1. desember 1976, en Steinunn Agla og Guðrún Gunnarsdætur hafa greitt sömu gjöld til félagsins fyrir tímabilið 1. desember 1976 til 1. apríl 1977, og eru kvittanirnar til þeirra dagsettar 7. febrúar 1977 og 9. mars s. á.

Vitundarvottar á gjafabréfinu frá 13. mars 1975, þeir Björn Baldursson skrifstofumaður og Hlynur Júlíusson lagermaður, hafa báðir borið vitni fyrir skiptaréttinum. Þeir kannast báðir við nafnritun sína á gjafabréfinu. Björn kveðst ekki muna sérstaklega eftir undirritun gjafabréfsins, en kveðst ekki minnst þess, að hann hafi nokkurn tíma ritað sem vottur á skjal án þess að hafa verið viðstaddur undirritun þess. Hlynur Júlíusson hefur hins vegar borið fyrir réttinum, að hann minnst þess að hafa verið viðstaddur, þegar Sigurður undirritaði gjafabréfið, og hann kveðst einnig muna, að Björn Baldursson hafi verið viðstaddur.

Sóknaraðiljar hafa báðar mætt fyrir réttinum til skýrslugjafar.

Steinunn Agla Gunnarsdóttir sagði aðspurð fyrir réttinum, að hún hefði ekki talið íbúðina að Nóatúni 32 til eignar á skattframtölum sínum vegna þess, að Gunnar Vagnsson hafi sagt móður hennar, að þær systur ættu ekki að telja íbúðina til eignar fyrr en að Sigurði afa þeirra látnum.

Guðrún Gunnarsdóttir gaf fyrir réttinum sömu skýringar og Steinunn Agla á því, að hún taldi íbúðina að Nóatúni 32 ekki til eignar á skattframtölum sínum. Aðspurð sagðist hún „ekki hafa talið sig raunverulegan eiganda að íbúðinni fyrr en að afa sínum látnum“, en eftir að hún hafði kynnt sér ljósritið af gjafabréfinu, taldi hún, „að lagalega séð hafi hún orðið eigandi íbúðarinnar, þegar gjafabréfið var gert.“

Steinunn Agla hafði einnig spurð fyrir réttinum, hvern hún hefði talið raunverulegan eiganda íbúðarinnar, en svör hennar voru reikandi og óljós, að lögmenn beggja aðilja töldu þau ekki fallin til að varpa ljósi á málið og óskuðu ekki eftir, að þau yrðu færð til bókar.

Móðir sóknaraðilja, Jónína S. Bjarnadóttir, mætti einnig fyrir réttinum. Við uppskriftargerð í búinu hinn 16. mars sl. sagði hún

meðal annars, að gengið hefði verið frá gjafagerningum að fullu og öllu og hann skrásettur á þeim tíma, sem dagsetningar segi til um. Hann hafi ekki á neinn hátt verið skilorðsbundinn eða takmarkaður, en henni hafi fundist svo sjálfsagt, að Sigurður heitinn hefði afnot íbúðarinnar, meðan hann lifði og gat og vildi búa þar, að um annað hafi aldrei verið rætt, en hún telji, að íbúðin hafi orðið óskoruð eign dætra sinna við gjöfina. Þennan framburð ítrekaði Jónína fyrir réttinum hinn 28. sept. sl. Þá var hún einnig spurð, hvers vegna dætur hennar töldu íbúðina ekki til eignar á skattframtölum sínum, eftir að gjafagerningurinn var gerður. Kvaðst Jónína hafa fengið þær upplýsingar hjá Byggingarfélagi verkamanna árið 1976, að dætrum hennar bæri ekki að telja íbúðina að Nóatúni 32 fram til skatts fyrr en Sigurður Jónsson væri látinn. Sömu upplýsingar hafi hún svo fengið hjá Gunnari Vagnsnyri í ársbyrjun 1977, en Jónína kvað sér vera kunnugt um, að nefndur Gunnar Vagnsson hafi aðstoðað Sigurð heitinn við gerð skattskýrslu í fjölda ára. Jónína sagði aðspurð, að ástæðan fyrir því, að Sigurður heitinn greiddi fasteignagjöld af íbúðinni, eftir að hann undirritaði gjafabréfið, hefði verið sú, „að þeir hjá byggingarfélaginu hafi sagt, að íbúðin ætti að vera á nafni Sigurðar, meðan hann lifði.“

Loks mætti fyrir réttinum Sigurður Kristinn Kristinsson, framkvæmdastjóri Byggingarfélags verkamanna. Hann upplýsti, að Sigurður heitinn hefði keypt íbúðina að Nóatúni 32 með kaupsamningi 3. janúar 1958 og hafi íbúðin verið skráð á hans nafn í bókum félagsins frá þeim degi til 17. mars 1975. Hann sagði, að fyrir sitt leyti hefði byggingarfélagið litis svo á, að Steinunn Agla og Guðrún Gunnarsdættur væru frá þeim degi eigendur íbúðarinnar, en tók þó fram, að í því fælist ekkert mat á lögmæti gjafabréfsins. Sigurður Kristinn mótmælti því algerlega, að hann eða nokkur annar hjá byggingarfélaginu gæti hafa sagt Jónínu Bjarnadóttur, að dætur hennar ættu ekki að telja íbúðina til eignar á skattframtölum þeirra, enda álíti hann, að þeim hafi tvímælalaust borið að gera það.

Ekki reyndist unnt að afla vættis Gunnars Vagnssonar í máli þessu, en hann andaðist fáeinum dögum áður en undirritaður tók við málinu.

Gjafagerningur sá, sem hér er deilt um, kveður svo á, að hann skuli taka gildi, þegar Byggingarfélag verkamanna hefur samþykkt ráðstöfunina. Hins vegar er á það að líta, að Sigurður Jónsson hafði einn afnot af íbúðinni í hartnær tvö ár, eftir að gjafa-

bréfið er undirritað, án þess að áskilnaður um slík not hafi verið gerður í gjafabréfinu. Einnig er sýnilegt, að hann greiddi einn öll gjöld, skatta og skyldur af íbúðinni, meðan hann lifði, þrátt fyrir ákvæði gjafabréfsins, að sóknaraðiljar skyldu „hérmeð taka að sér áhvilandi kvaðir á eignarhlutanum“. Þá er og á það að líta, að Sigurður telur íbúðina fram til skatts sem sína eign þrátt fyrir gjafabréfið og kemur þannig fram gagnvart skattayfirvöldum sem eigandi íbúðarinnar. Sóknaraðiljar málsins telja íbúðina ekki til eignar á skattframtölum sínum.

Þegar til alls þessa er litið og einnig þess, að ekki verður litið svo á, að með undirritun gjafabréfsins og skráningu þess hjá Byggingarfélagi verkamanna hafi Sigurður Jónsson svipt sig öllum möguleika til að ráðstafa íbúð sinni að Nóatúni 32 með löggerningi í lifanda lífi, þá verður ekki hjá því komist að álíta, að gjafabréfið sé gjafaloforð í merkingu 54. gr. erfðalaga nr. 8 frá 1962, enda verður ekki talið, að skrásetning gjafabréfsins hjá Byggingarfélagi verkamanna hafi sömu lögfylgjur og þinglýsing afsals.

Varnaraðiljar máls þessa hafa mótmælt gildi gjafabréfsins sem dánargjafar á þeim grundvelli einum, að það uppfylli ekki þær formkröfur, sem gerðar eru til erfðaskráa, eins og þó sé áskilið í 54. gr. erfðalaganna.

Sóknaraðiljar hafa krafist þess alfarið, að gjafabréfið verði viðurkennt sem lífsgjöld, en þeir hafa ekki haft uppi neina varakröfu um það, að gjafabréfið verði metið gild dánargjöld. Af þeim sökum og með tilliti til þess, að Sigurður Jónsson hafði með erfðaskránni frá 8. júlí 1974 þegar ráðstafað til sóknaraðilja svo miklu af eignum sínum sem honum var heimilt að ráðstafa með dánargerningi, þykja ekki efni til annars en að hafna alfarið kröfugerð sóknaraðilja máls þessa.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Jónas Gústavsson aðalfulltrúi kvað upp úrskurð þennan.

#### Því úrskurðast:

Hafnað er kröfu sóknaraðilja um, að gjafagerningur Sigurðar Jónssonar frá 13. mars 1975 verði metinn gildur að fullu og að íbúð að Nóatúni 32 verði haldið utan við skipti á dánarbúi hans.

Málskostnaður fellur niður.